

KIRKJUGARÁÐ

28. fundur haldinn mánudaginn 14. mars 2005
kl. 14:00 í fundarherbergi á fjórðu hæð Biskupsstofu.

Fundinn sátu: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru: Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri og eigandi jarðarinnar Saurbæjar á Rauðasandi og Pétur Jónsson landslagsarkitekt.

Fundur settur kl. 14:05.

1. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerð síðasta fundar.

2. Saurbæjarkirkjugarður á Rauðasandi – kynning

Pétur Jónsson rakti framkvæmdir sem unnið hefur verið að á Saurbæ á undanförunum árum. Þar hefur íbúðarhúsið og umhverfi þess verið lagfært, ónýt útihús hafa verið fjarlægð, húsið Kirkjuhvoll og fleiri byggingar verið lagfærðar. Í Kirkjuhvoli er ráðgert að koma upp aðstöðu fyrir kirkjugesti og ferðamenn þannig að hægt væri að fá þar kaffi. Eftir að gamla kirkjan í Saurbæ eyðilagðist í óveðri lét Þjóðminjasafnið flytja þangað kirkju frá Reykhólum og er viðgerð hennar lokið. Undanfarin ár hefur verið unnið að endurbótum á kirkjugarði. Hann hefur verið ræstur fram og grindverk fjarlæggt. Þess í stað er ætlunin að hlaða nýjan vegg úr steinum sem fást í skriðum rétt við Rauðasand. Garðurinn verður 130 m langur og 90 sm hár úr tvöfaldri steinhleðslu. Tilboð í verkið nemur 7,8 millj.kr. Til stendur að gera sögusýningu í samkomuhúsinu sem er við veginn að Saurbæ og að koma upp upp söguskilti við kirkjuna. Greinargerð vegna framkvæmda var afhent á fundinum.

Kjartan gerði grein fyrir stöðu mála hjá sóknarnefnd sem er fámenn, með einungis 10 gjaldendum og því óburðug fjárhagslega. Hann taldi fjárhagslega skynsamlegast að ljúka öllu verkinu í einu þar sem mikill kostnaður er fólgin í að koma upp aðstöðu í Saurbæ fyrir framkvæmdaaðila. Óskað er eftir að gera styrktarsamning við Kirkjugarðasjóð varðandi verkið. Smári vakti athygli á að með nýja greiðslumódelinu myndu greiðslur vegna rekstrarkostnaðar garðsins hækka úr 30 upp í 160 þús. kr.

Saurbær mun senda inn umsókn til Kirkjugarðaráðs sem tekin verður fyrir á fundinum 11. apríl.

3. Samstarf og sameining kirkjugarða

Smári gerði grein fyrir þeim lið. Þeir Guðmundur Rafn hafa farið á fundi með sóknarnefndum og próföstum og gert grein fyrir breytingunni og einnig skráningu inn á *gardur.is*. Smári og Þórsteinn gerðu grein fyrir að KGSÍ hefur hvatt til þess að kirkjugarðar séu sameinaðir. Þeir telja að það sé farsælt fyrir kirkjugarðageirann, þar sem garðarnir gætu samnýtt ýmis tæki. Við það fáist meiri slagkraftur, þ.e. aukið fé

til framkvæmda hjá kirkjugörðunum. Sama krónutala pr. fm. gerir að kirkjugarðarnir eru nú á jafnréttisgrundvelli. Við sameininguna yrði hver einstakur kirkjugarður deild í heildinni. Málefningu hefur víðast verið vel tekið og sóknarnefndir þar telja að gagn verði að sameiningu.

Ef hægt er að tala um ókost við sameiningu, þá er það helst að sóknarnefndir hafa ekki eins frjálsar hendur varðandi það hvernig þær nýta fjármagnið. Nú er unnið að kynningu á þessari hugmynd, en gert er ráð fyrir að á næsta ári verði unnið markvisst að verkefningu. Nú þegar er búið að kynna gjaldamódelið í Árnes- og Eyjafjarðarprófastsdæmum. Guðmundur Rafn er á leið í Skaftafellssýslur þar sem málefnið verður kynnt í kvöld. Á næstunni verður það kynnt á Húsavík fyrir Þingeyjarprófastsdæmi.

4. Ráðning starfsmanns til eins árs vegna átaksverkefnis við uppmælingu og tölvuteikningu kirkjugarða

Guðmundur Rafn taldi Sigurgeir Skúlason landfræðing hafa það til að bera sem þyrfti vegna verkefnisins. Formaður lagði til að hann yrði ráðinn og var það samþykkt. Mun Biskupsstofa gera samning til eins árs um átaksverkefnið. Samningurinn verður miðaður við 1. maí. Guðmundi Rafni var falið að útbúa drög að erindisbréfi fyrir starfsmanninn.

5. Bréf vegna Brjánlækjar á Barðaströnd

Bréf vegna Brjánlækjar á Barðaströnd var lagt fyrir fundinn og var Guðmundi Rafni falið að svara erindinu.

6. Næsti fundur

Þann 11. apríl er úthlutunarfundur. Ákveðið var að hann hæfist kl. 10.00 og er gert ráð fyrir að hann taki allan daginn.

7. Önnur mál

- a) Valtýr bar fram tillögu um að mótuð yrði stefna varðandi verkefni sem lytu að því að styrkja endurbætur kirkjugarða á sögufrægum stöðum. Var ákveðið að Guðmundur Rafn tæki saman viðmið sem stuðst yrði við varandi slíkt verkefni.
- b) Kristín Huld gerði grein fyrir því að Kirkjuráð hefði ákveðið að styrkja verkefni sem lýtur að því að móta stefnu varðandi öryggismál í kirkjum. Sett hefur verið á fót nefnd um málefnið að frumkvæði Fornleifaverndar ríkisins. Í henni sitja aðili frá Biskupsstofu, Ríkislögreglustjóra, Brunamálstofnun, Húsafriðunarnefnd, Þjóðminjasafni og Fornleifavernd ríkisins. Fornleifavernd ríkisins mun jafnframt vinna að gerð bæklinga um öryggismál og viðhaldi minja í kirkjum.
- c) Formaður gerði grein fyrir því að samningurinn um gjaldamódelið væri ekki enn tilbúinn. Liggur hann nú hjá fjármálaráðuneytinu.
- d) Formaður gerði grein fyrir því að þóknunin fyrir störf í Kirkjugarðaráði myndi hækka um 5,3% frá 1. feb. 2005. Kirkjugarðaráð verður metið samkvæmt sömu viðmiðum og gilda gagnvart Prestssetrasjóði. Einingar verða 25 í stað 20 áður.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:50.

Ragnhildur Benediktsdóttir, formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir, ritari